



Lundur - deiliskipulag, samþykkt í bæjarstjórn 14. desember 2004 msbr. birt í B- deild Stjórnartíðinda 17. mars 2005 Grunnmynd í mkv. 1:1000

Digranes. Lundur. Breytt deiliskipulag.

Breyting skv. 2 mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010
Erindi frá fundi skipulagsráðs nr. 132, dags. 5. desember 2022.
ONE / 2206018

Greinargerð:
Stærð og afmörkun:
Gildandi deiliskipulag Lundar sem samþykkt var í bæjarstjórn Kópavogs 14. desember 2004 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 17. maí 2005 nær til um 10 ha lands. Umrædd breyting á deiliskipulagi Lundar nær aðeins til grænna svæða, leiksvæða og göngustíga á öllu skipulagssvæðinu. Að öðru leyti er vísað í ofangreint deiliskipulag og þær eftirtaldar breytingar sem samþykktar hafa verið og gerðar á skipulagssvæðinu frá 2004: Lundur 8-80 staðfest á fundi bæjarstjórnar 12. febrúar 2008, Lundur 86-92 staðfest á fundi bæjarráðs 18. mars 2011, Lundur 17-23 staðfest í bæjarstjórn 30. nóvember 2011, Lundur 2, 4 og 6 staðfest á fundi bæjarráðs 23. ágúst 2012, Lundur 5 staðfest á fundi bæjarstjórnar 21. október 2012, Lundur 8-18 staðfest í bæjarstjórn 24. febrúar 2015, Lundur 24-26 og 28-30 staðfest í bæjarstjórn 13. mars 2018, Lundur 20 og 22 staðfest í bæjarstjórn 11. febrúar 2020

Breytt deiliskipulag:
Í breytingunni felst að gert verður stórt leik- og útivistarsvæði norðan Lundar 88-90 og vestan Lundar 60, 66 og 72. Á umræddu svæði verður komið fyrir þúttvelli um 540 m2 að stærð, æfingarsvæði til líkamsræktar á gervigrasi, gróðurbeðum, niðurgröfnu trambólíni og leiktækjum fyrir börn. Fallið er frá að koma fyrir boltavelli sem ráðgert var að koma fyrir á svæðinu. Einnig er hætt við að koma fyrir körfuboltavelli sem fyrirhugaður var austanvert við Lund 86 þar sem svæðið er talið vera of lítið og óhentugt vegna landhalla. Einnig er hætt við að koma fyrir körfuboltavöllum við Lund 5 og 11


Ferill málsins:
Á embættisfundi skipulagsfulltrúa 1. júní 2022 var samþykkt með tilvísan í 2. gr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna fyrir íbúum Lundar tillögu dags. 31. maí 2022 að leiksvæði norðan við Lund 90. Kynningartíma lauk 6. júlí 2022. Athugasemdir bárust. Á fundi skipulagsráðs 15. ágúst 2022 var erindið lagt fram að nýju ásamt innsendum athugasemdum og því frestað og vísað til umsagnar skipulagsdeilda. Á fundi skipulagsráðs 5. desember 2022 var erindið lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsdeilda dags. 1. desember 2022 þar sem tekið er fram í niðurstöðu umsagnar að mælt sé með að uppdráttur verði uppfærður og endurauglýstur. Skipulagsráð samþykkir uppfærðan uppdrátt og að hann verði grenndarkynntur að nýju með áorðnum breytingum dags. 25. nóvember 2022 fyrir lóðarhöfum í Lundi. Þann 13. apríl 2023 var haldinn fundur með nemendaráðum Snælandsskóla þar sem ofangreind tillaga var rædd.

Kópavogi, 28. apríl 2023



Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi



Skýringarmynd. Leiktæki úr við



Skýringarmynd. Fyrirkomulag og umfang leiktækja.




Hluti Aðalskipulags Kópavogs 2019 til 2040

Samþykkt í bæjarstjórn 28. september 2021



skýringarmynd. Niðurg. trambólín



Skýringarmynd. Loftmynd af svæði Lundar. Staðsetning leiksvæða. mkv. 1:1000 / prent úr A0 í A3